

Mál nr. 71/2011**M****og****vátryggingafélagið X v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.****Ágreiningur um ábyrgð byggingarstjóra vegna steypugalla í húsbyggingu.****Gögn.**

38. Málskot, móttækið 22.2.2011, ásamt fylgigögnum.

39. Bréf X, dags. 9.3.2011.

Málsatvik.

Með verksamningi við M tók byggingarverktakinn V að sér m.a. uppsteypu á tengibyggingu á milli tveggja eldri bygginga. Byggingarstjóri á verkinu var B, stjórnarformaður V. Framkvæmdir hófust 26. júní 2009 og átti uppsteypu hússins að ljúka 15. september s.á. V óskaði eftir að nota steinsteypu frá Byggingarfélaginu K. M taldi sig ekki hafa forsendur til að hafna efnisvali V, en taldi að gæta þyrfti fyllstu varúðar þar sem um væri að ræða nýlegt fyrirtæki í rekstri steypustöðvar. Að ósk M voru tekin steypusýni úr gólfplötu 1. hæðar til að kanna gæði steypunnar. Einnig voru teknir borkjarnar úr gólfplötunni. Niðurstöður rannsóknar munu hafa gefið til kynna að steypugæðin voru langt frá því sem fyrirskrifað hafði verið og styrkur steypunnar langt undir þeim forskriftum sem kveðið var á um í verklýsingu. Auk steypugalla mun hafa komið fram við mælingu á veggjum og plötum að réttleiki og nákvæmni steypu væri ábótavant og þykkingar vanti í plötu yfir 2. hæð.

M telur B sem byggingarstjóra á verkinu bera ábyrgð á því tjóni sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna þeirra galla sem fram komu á verkinu. Hefur hann krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 267/2005, sbr. og dóm réttarins í máli nr. 318/2007, er því slegið föstu að á byggingarstjóra hvíli m.a. sú skylda að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum sem hann stýrir, þar á meðal að iðnmeistarar sem koma að verkinu fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmdin sé tæknilega og faglega fullnægjandi. Með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum felli byggingarstjóri á sig skaðabótaábyrgð. Í gögnum málsins liggja ekki fyrir neinar matsgerðir eða önnur sönnunargögn sem sýna fram á að B hafi með saknæmum hætti vanrækt umsjón og eftirlit með framkvæmdunum þannig að hann beri ábyrgð á þeim göllum sem fram komu á verkinu. Við svo búið telst ósannað að M eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 7. apríl 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.